

Ár 2015, fimmtudaginn 19. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Þórhallur Einisson í forföllum Unnar Þormóðsdóttur og Njörður Sigurðsson. Garðar Rúnar Árnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 2. mars 2015.**
Í bréfinu er boðað til XXIX landsþings sambandsins sem haldið verður í Salnum í Kópavogi föstudaginn 17. apríl nk.
Lagt fram til kynningar. Fulltrúar Hveragerðisbæjar á þinginu eru Aldís Hafsteinsdóttir og Viktoría Sif Kristinsdóttir.
- 1.2. **Nefndasviði Alþingis frá 16. mars 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir umsögn um þingsályktunartillögu um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Nefndarsviði Alþingis frá 17. mars 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir umsögn um þingsályktunartillögu um að draga úr plastpöknotkun.
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Strengjasveit Tónlistarskóla Árnesinga frá 3. mars 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir stuðningi við utanlandsferð strengjasveitar Tónlistarskóla Árnesinga.
Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við beiðninni.
- 1.5. **Ársæli B. Ellertssyni frá 16. mars 2015.**
Í bréfinu er lögð fram beiðni til bæjarráðs um að Hveragerðisbær samþykki reglur um að þeir íbúar bæjarins sem hafa verið í leiguhúsnæði í tvö ár eða lengur fái fjárhagslegan stuðning til kaupa á fasteign.
Bæjarráð hefur ríkan skilning á vandamálum leigjenda þar sem allt of há leiga gerir útborgun í eigið húsnæði oft erfiða. En því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu enda telur bæjarráð að slíkt væri í andstöðu við sveitarstjórnarlög sem kveða skýrt á um heimildir sveitarfélaga vegna fjárhagslegra skuldbindinga.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um að barn með lögheimili í Hveragerði fái að sækja leikskóla í Árborg.

Bæjarráð samþykkir að barnið fái að sækja leikskóla í Árborg þar til það kemst á leikskóla í Hveragerði.

3. Tæknileg málefni:

3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra v/ rekstraraðila að tjaldsvæðum.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra dagsett 17. mars 2015 vegna viðtala bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs við umsækjendur um rekstur tjaldsvæða Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að hefja samningaviðræður um rekstur tjaldsvæða Hveragerðisbæjar við Sigríði Elísabetu Sigmundsdóttur. Sigríður sem er garðyrkjunenntuð og með reynslu bæði úr garðyrkju og af ferðaþjónustu kom fram með skýra sýn á framtíðaruppbyggingu tjaldsvæðanna, bæði við Reykjamörk og upp í dal, með ríka áherslu á umhverfi og tengingu við nærsvæðið og heilsueflandi þjónustu.

Fyrri leigutaka eru þökkuð hans störf og er bæjarstjóra falið að sjá um að viðskilnaður hans á tjaldsvæðinu verði í samræmi við samning þar um.

3.2. Atvinnumál – atvinnu- og markaðsmál.

Undir þessum lið tók sæti Viktoría Sif Kristinsdóttir.

Fært í trúnaðarmálabók.

3.3. Tillaga að styrkveitingu til nema í leikskólafræðum.

Lögð fram drög af reglum um styrkveitingu til nema í Hveragerðisbæ sem leggja stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum og annaðhvort vinna í leikskólum Hveragerðisbæjar eða hafa áform um að gera það.

Bæjarráð samþykkir að vísa drögunum til fræðslunefndar.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 2. mars 2015.

4.2. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 27. febrúar 2015.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:51

Eyþór H. Ólafssonar, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Þórhallur Einisson, (sign)

Garðar Rúnar Árnason, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)